



Félag lóðareigenda Berjamóa

Ársskýrsla Berjamóa fyrir árið 2014

Aðalfundur haldinn að Minniborgum 16. Maí 2015

Samkvæmt samþykktum framhalds aðalfundar 7. Júní 2014 var ráðist í lagfæringar á veginum innan lands Berjamóa, var verktaki fenginn til að bera í hluta vegarins eða frá hliði fram fyrir brekku, brekkan tekin með. Var þetta velheppnuð framkvæmd og þörf, vegurinn lagaðist mikið á þessum kafla en betur má ef duga skal.

Vegvísir með nafni landsins var settur við hliðið og sá stjórnin um þann verkþátt að einstakri eljusemi og verklagni.

Sumarhátíð var haldinn í júlí, byrjað var á að gróðursetja aspir við girðingu á sameiginlega svæðinu. Grillaðir voru hamborgarar en þar sem veður var ekki eins og best var á kosið þá var borðað í bústaðnum hjá Guðmundi og Sirrý. Almenn ánægja var með hátíðina en við hefðum viljað sjá fleiri landeigendur.

Fh. Stjórnar

Guðmundur Ásgeir Eiríksson

Samþykkt á aðalfundi 16. maí 2015